

Borgarráð

***Starfshópur um Nýtingu upplýsingatækni 2017-2021***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um Nýtingu upplýsingatækni 2017-2021 eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að leggja grunn að stefnu um notkun upplýsingatækni í rekstri og þjónustu Reykjavíkurborgar (upplýsingatæknistefnu) til næstu fjögurra ára.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Drög að erindisbréfi starfshóps um Nýtingu upplýsingatækni 2017-2021

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um Nýtingu upplýsingatækni 2017-2021

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Hlutverk:

Leggja grunn að stefnu um notkun upplýsingatækni í rekstri og þjónustu Reykjavíkurborgar (upplýsingatæknistefnu) til næstu fjögurra ára.

### Helstu verkefni:

- Endurskoða og meta árangur af stefnunni „Nýting upplýsingatækni 2012-2016“.
- Að leggja mat á stöðu upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg annars vegar í samanburði við önnur stór sveitarfélög á landinu og hins vegar í samanburði við erlendar fyrirmyndir.
- Finna góðar fyrirmyndir af upplýsingatæknistefnum frá öðrum borgum og sveitarfélögum.
- Að móta upplýsingatæknistefnu borgarinnar þar sem fram koma helstu markmið, leiðir og verkefni, sem verða útfærð í sérstakri framkvæmdaáætlun.
- Meta þörf á gagnaöryggisstefnu borgarinnar og leggja fram tillögu að slíkri stefnu, ef svo á við.

### Starfshópin skipa:

Fulltrúi skrifstofu þjónustu og reksturs (formaður)

Fulltrúi borgarstjóra- og borgarritara

Fulltrúi fjármálasviðs

Fulltrúi íþróttá- og tómsundasviðs

Fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs

Fulltrúi skóla- og frístundarsviðs

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Fulltrúi velferðarsviðs

### Starfsmaður:

Starfsmaður frá skrifstofu þjónustu og reksturs.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

### Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok maí 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson